



## 426. Stjórnarfundur haldinn 20. feb. 2014 kl:17:30

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK), Sigurvin Guðfinnsson (SG), Sveinn Adolfsson (SA), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS) og Guðjón Axelsson (GA). Birgir Ingibergsson (BI) fjarverandi.

### 1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

### 2. Innkominn bréf.

Bréf frá kvennaráði knattspyrnudeildar v/ greiðslufrests á skuld við aðalstjórn. *Aðalstjórn þakkar erindið og veitir greiðslufrest á láni ráðsins út árið 2014 en þá verða teknar upp viðræður um skuld kvennaráðs við aðalstjórn.*

Bréf frá kvennaráði körfuknattleiksdeildar v/ K-slaufu. *Samþykkt að kaupa 50 slaufur. Framkvæmdastjóra falið málið.*

Bréf frá Mennta og menningarmálaráðherra v/ úthlutunar á styrk úr íþróttasjóði ríkisins til handa blakdeildar. *Móttekið.*

### 3. Send bréf.

Boðsbréf v/ aðalfundar Keflavíkur send í tölvupósti.

### 4. Aðalfundir deilda og félagsins.

EH fór yfir gátlistann. Allt klárt fyrir fundinn. EH þakkaði stjórnarmönnum fyrir góða stundir í stjórn félagsins en þetta er síðasti stjórnarfundur þessara stjórnar. Þakkaði Sigurvini Guðfinnssyni sértaklega fyrir hönd stjórnar fyrir hans framlag en hann lætur nú af stjórnarmennsku eftir átján ára stjórnarsetu.

### 5. Önnur mál.

EH sagði frá framkvæmdastjórafundum 7. febrúar sem hann sat með starfsfólki skrifstofu UMFÍ.

EH sagði frá fundi framtíðarnefndar með formönnum deilda til að fara yfir framtíðarsýn félagsins til næstu tíu ára sem haldinn var 6. febrúar. Ákveðið var að koma aftur saman 20. febrúar til leggja loka hönd á framtíðarsýn félagsins.

EH sagði frá fundi sem hann átti með formanni knattspyrnudeildar og tveimur fulltrúum úr meistaraflokksráði kvenna v/ málefni kvennaboltans 11. febrúar.

EH sagði frá fundi sem hann átti ásamt varaformanni knattspyrnudeildar með bæjarstjóra v/ malarvallarsvæðis á Hringbrautarsvæðinu 19. febrúar.

Næsti fundur er á fimmtudaginn 6. mars kl. 17:30 2014.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30

Fundinn ritaði BS

